

2. gr.

3. málsliður 1. málsgr. 86. gr. lga nr. 74 1974 orðist svo:

Verjanda er heimilt að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæslu, nema dómari hafi sérstakt tilefni til að telja hættu á, að rannsókn torveldist fyrir það.

Í 4. málslið sömu málsgreinar falli niður orðin: „enda þyki dómara það hættu-laust vegna rannsóknar málsins.“

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 30. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 107 28. okt. 1970, um félagsheimili.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkafélög, lestarfélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmalaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi, enn fremur samkomuhús sveitarfélaga. Sama gildir um sjómannastofur, sem sömu aðilar eiga og reka, sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi.

2. gr.

3. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af tekjum Félagsheimilaskjóljóðs skulu 10% renna í Menningarsjóð félagsheimila. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Heimilt er þó að styrkja menningarstarfsemi sem fram fer utan félagsheimila, er sérstaklega stendur á. Styrkveitingar til menningarstarfsemi einstakra félagsheimila má binda því skilyrði, að tiltekinn hluti aðgangseyris af samkomum félagsheimilisins renni í sérstakan menningarsjóð þess. Skal stjórn félagsheimilisins varðveita þann sjóð og verður honum eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili.

3. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Félagsheimilaskjóljóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. Byggingarstyrkir skulu veittir að fengnum til lögum íþróttanefndar og deildarstjóra byggingardeildar menntamálaráðuneytisins.

Styrkir úr menningarsjóðnum skulu veittir að fengnum tillögum menningarsjóðsnefndar, sem ráðherra skipar til fjögurra ára þannig: Einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Ungmennafélags Íslands og Bandalags ísl. leikfélaga, einn samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og einn án tilnefningar og verður hann formaður nefndarinnar.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Umsóknir um byggingarstyrki skal senda íþróttanefnd. Ef um er að ræða umsókn um styrk til nýbyggingar skal fylgja nákvæm lýsing á húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á viðkomandi stað og um fyrirhugaða notkun þess. Umsókn um styrk úr menningarsjóðnum skal senda menningarsjóðsnefnd. Í umsókn skal gerð nákvæm grein fyrir hvernig fyrirhugað er að verja styrknum. Skrá um úthlutun úr Félagsheimilasjóði skal birt árlega í Fréttabréfi menntamálaráðuneytisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 30. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 94 29. des. 1962, um almannavarnir,
sbr. lög 30/1967, um breyting á þeim.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. grein laganna orðist svo:

Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra, sbr. þó 5. gr.

Almannavarnaráð, sem dómsmálaráðherra skipar, stýrir starfsemi almannavarna. Í ráðinu eiga sæti: Forstjóri landhelgisgæslunnar, landlæknir, lögreglustjóri inn í Reykjavík, póst- og sínamálastjóri og vegamálastjóri. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins, til þriggja ára í senn. Ráðherra getur sett almannavarnaráði starfsreglur með reglugerð.

2. gr.

6. grein laganna orðist svo:

Almannavarnaráð hefur með höndum heildarskipulagningu almannavarna í landinu. Það stýrir framkvæmdum á þeim þáttum er undir ríkisvaldið falla, þ. á m. fjarskipti milli umdæma, mælingar á geislavirkni, viðvörðun, fræðslustarfsemi, kennsla yfirmanna og leiðbeinenda, skipulagning og yfirstjórn á flutningi fólks